

Reglur um hæfi lykilstarfsmanna Auðar Capital hf.



1. ALMENN ATRÍÐI

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (ffl.), og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, og fjalla um hæfi lykilstarfsmanna Auðar Capital hf. (hér eftir nefnt félagið).

Markmið reglnanna er að efla traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess, með auknum kröfum um mat á hæfi lykilstarfsmanna. Hæfismatinu er bæði ætlað að tryggja að lykilstarfsmenn hafi þá færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin, auk þess að meta orðspor og heilindi viðkomandi.

Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins.

2. SKILYRÐI FYRIR RÁÐNINGU LYKILSTARFSMANNA

Fjármálaeftirlitið metur hæfi framkvæmdastjóra félagsins. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn og ber ábyrgð á störfum þeirra og metur hvaða starfsmenn teljist til lykilstarfsmanna.

Lykilstarfsmenn skulu ætíð uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Hafa fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin. Í því sambandi skal menntun og ferill viðkomandi kannaður og árangur hans í fyrri störfum. Lykilstarfsmenn sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skulu hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.
- b) Ekki hafa hlotið dóm fyrir brot á þeim lögum sem tiltekin eru í lögum um starfsemi félagsins.

- c) Ekki hafa misst forræði á eigin fjárráðum.

Verði breytingar á högum viðkomandi starfsmanns, sem kunna að hafa áhrif á hæfi hans, ber honum skylda til að tilkynna um slíkt til framkvæmdastjóra.

Starfsmaður skal ekki talinn hæfur lykilstarfsmaður og skal ekki hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins, ef vafi leikur á því hvort hann uppfylli framangreind skilyrði, eða það sé mat framkvæmdastjóra að hann auki rekstrar- og/eða orðsporsáhættu félagsins.

3. MAT Á HÆFI LYKILSTARFSMANNA

Til þess að meta hæfi lykilstarfsmanna, skal félaginu hvenær sem er vera heimilt að:

- d) Framkvæma mat á fjárhagsstöðu viðkomandi, t.d. með því að kalla fram skuldbindingaryfirlit.
- e) Óska eftir yfirliti yfir verðbréfavíðskipti viðkomandi, eða maka viðkomandi, frá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eða sambærilegum aðilum.
- f) Framkvæma sérstakt hæfismat, til að kanna hvort viðkomandi hafi nægilega þekkingu og skilning á þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins, og þekkingu viðkomandi á viðskiptum með fjármálagerninga í samræmi við starfsskyldur hans, þ.á m. mat á áhættu.

4. ANNAD

Félagið skal halda skrá yfir hverjir teljist til lykilstarfsmanna, þar sem fram kemur hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljist til lykilstarfsmanna, ásamt upplýsingum um hæfismat þeirra.

Reglur þessar öðlast gildi við undirritun stjórnar félagsins.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Reykjavík, 10. febrúar 2011.

Stjórn Auðar Capital hf.

Lykilstarfsmaður: Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif og framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.